

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 – 1989

19. apríl 1989

385

Nr. 195

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum við Þrídranga.

1. gr.

Frá og með 20. apríl 1989 eru allar togveiðar bannaðar á svæði við Þrídranga sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°30'N, 20°35'V
2. 63°30'N, 20°28'V
3. 63°26'N, 20°28'V
4. 63°26'N, 20°35'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. apríl 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Arndís Steinþórsdóttir.

19. apríl 1989

Nr. 196

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Frá og með 20. apríl 1989 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar fyrir Suðurlandi á svæðum sem markast þannig:

1. Að vestan af 21°22'V og að austan af 20°34'V
2. Að vestan af 19°30'V og að austan af 18°00'V
3. Að vestan af 16°40'V og að austan af 16°00'V

Að sunnan markast svæði skv. 1. og 3. tl. af línu, sem dregin er fjórar sjómílar frá viðmiðunarlínu og svæði skv. 2. tl. af línu, sem dregin er þrjár sjómílar frá viðmiðunarlínu skv. 3. gr. l. nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

B 29

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 178 6. apríl 1989, um bann við tog- og dragnótaveiðum fyrir Suðurlandi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. apríl 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Arndís Steinþórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn hinn 22. mars 1989, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, landnotkunarbreytingu í aðalskipulagi Reykjavíkur 1984–2004 í Selásmiðhverfi. Breytingin er fólgin í því að verslunar- og þjónustusvæði austan og vestan við Selásbraut verða stofnanasvæði og íbúðasvæði sunnanmegin við Selásbraut breytast í verslunar- og þjónustusvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.